

ÞJER SEM NOTID
TIMBUR
KAUÐ AF
The Empire Sash and Door
COMPANY LIMITED
Birgðir: Henry Ave. East. Phone A 6356
Skrifstofa: 5. Gólf, Bank of Hamilton
VERÐ QÆÐI ANÆGJA.

Við andlátsfregn

Sigurðar Kristófers Péturssonar.

Genginn til grafar, hinn góðfrægi;
Íslands ástmögur ausinn moidu;
heilbrigður andi, í holdi veikur,
andleg afreksverk eftir skilur.

Bauð þér bjartsýni ból að sigra,
leiðandi ljós í lífsins speki;
í þeim ársólar unaðsljóma,
fögur varð hjá þér feðra tunga.

Lúta lærðir að leiði þínu,
fyltir undrun á frumleik orða;
lengi mun ljós þitt ljóma fagurt,
óbarn aldri íslenzkunnli.

Heill þér Ísland, sem alið hefur
atgervismenn á andans sviði,
munu í feigshúsum milljóna,
fáir Kristófer finnst jafnir.

Veit eg að nafn þitt vinir geyma
lettrað ljóðstöfum logagyltum,
og hjá unndum íslenzkunnar,
Sigurður Kristófer síst mun gleymast.

Legg eg hér vinur að leiði þínu,
litin ljóðkrans, úr laufum föllnum;
blandast hauststormar hrygðarstunum,
þar til vorfuglar vekja söngva.
Sigurður Jóhannsson.

ar hann kemur"

2. "Vér viljum þess vegna reyna
að hafa hann allt af huga og kapp-
kosta eftir mátti að vinna öll dag-
leg störf, vor í nafni hans.

3. "Vér viljum þessa kapps um, að
svo miklu leyti sem dagleg skyldu-
störf vor leyfa oss, að helga jafnan
stund úr degi einhverju ákveðni
starfi, er hjálpi til að búa undir
komu hans.

4. "Vér viljum keppa að því að
gera auðvegni, stöðuglyndi og
mildi að helztu lundareinkennum
vorum í daglegu lífi voru.

5. "Vér viljum reyna að byrja og
enda sérhvern dag með stuttari helgi-
stund, til þess að biðja hann að
blessa allt, sem vér störfum fyrir og
í hans nafni.

6. "Vér tölum það sérstaka
skyldu vora að reyna að víðurkenna
og bera lotningu fyrir mikilleikumum,
hvar sem hann birtist, og í hverjum
sem hann kemur í ljós og að svo
miklu leyti sem oss er unt, — reyna
að vera í samvinnu við þá, er oss
virðist kominn á hærra stig en vér
í andlegum efnum."

Hvort sem menn nú leggja mik-
ið eða lítið upp úr vonum "Stjórnu-
félagsmanna", um komu mann-
kynsfræðara, þá hlóta allir að vera
sammála um það, að hér sé á ferð-
inni eftirtektaverð hreyfing, sem
leitast við að hafa mannþætandi á-
hrif. Félagsmenn vilja leggja
kapp á að efla anduegan og
siðferðislegan þroska sinn, og inn-
ræta sér sem mest og best Krist-
eðlið. Með öðru móti búast þeir
ekki við að verða færir um að
þekkja mannkynsfræðarann þega-
hann kemur, starfa með honum og
fyrir hann. Af þessu leiðir að
allir hjóta þeir að styðja hvers-
konar umhættur er leiða til meiri
mannþáttar og siðfagunar, hvort sem
þær umbætur eru stjórnfarslegar
eða á einhverjum öðrum sviðum.

En eru þá nokkrar líkur til að
vonir "Stjórnufélagsmanna" ræst?
Líkast til verður hver og einn að
svara þeirri spurningu fyrir sjálfan
sig. En benda vil eg hér, möm-
um til ihugunar á 3 attriði:

I fyrsta lagi: eftirvænting um
nálega komu mannkynsfræðara hef-
ur nú gripið mannkynið talsvert
sterkum tökum og fer hraðvaxandi

innan allra meiri háttar trúarbragða
heimsins. Þeir eru ótalmargir
fleiri en félagsmenn "Stjórnumar
austri", sem vænta hins mikla and-
legu leiðtoga, meira að segja telja
hana alveg vísa. Sumstærir á
Austurlánu er eftirvæntingin svo
sterk, að reistar hafa verið hallir
sem rúma mikinn mannfjölda, svo
að sem flestir geti hlýtt á meistar-
ann, er hann kemur. Í Ástralíu,
sem, eins og kunnugt er, einkum er
bygd brezkri þjóð, hefur bygging
verið reist í sama tilgangi. Sumarið
1924 hélt félagið "Stjarnan í austri"
þriðja alþjóðafund sinn í Hollandi,
þar sem félaginu hefir verið gefin
landareign ásamt fögnum kastala.
Félagið var þá að eins 13 ára gam-
alt, en þó söttu fund þann 1035 full-
trúar frá deildum félagsins víðsvegt-
ar um heiminn. Komu þeir vest-
an um haf, frá Asíu, Afríku og
Eyjaálfi, og svo víðsvegtar frá öll-
um löndum Evrópu. Umraðuféni
fundarins voru bæði margbreytileg
og merkileg.

Hvaðan stafar nú öll þessi mikla
eftirvænting, öll þessi þrá? Er
ekki dælitíð orðugt að hugsa sér að
hún sé blekking og ekkert annað en
blekking? Er ekki öllu skynsamlegra,
að ætla að jafnstærk hreyfing sem
hér um ræðir, bygist á einhverju
verulegu: sé eitthvað meira en vind-
bóla, er þýtur upp og hjaðnar svo
aftur að litilli stundu lönni? En
það hlýtur hún að gera, ef vonir
"Stjórnufélagsmanna" rætast ekki í
nokkuð náinni framtíð.

I öðru lagi: Menn sem sérstak-
lega hafa tekið að sér að búa komu
mannkynsfræðarans, eru engir ó-
merkingar. Má þar fyrst og fremst
nefna hina heimsfrægu konu dr.
Annie Besant og Indverjann Kristna-
murti, sem er höfuðsmaður félags-
ins "Stjarnan í austri" og ritaði 12
ára gamall hina guðdómlegu bók,
"Við fótakör meistarans". Hugsum
okkur afstöðu þessara tveggja — að
eg ekki nefni fleiri. — þúsundir og
aftur þúsundir lita til þeirra sem al-
veg sérstakra fyrirrennara meistar-
ans, og leggja meiri trúnað á orð
þeirra en nokkurra annara manna í
heiminum. Hver yrði nú endirinn
á orðir þeirra, ef boðskapur sá er
þau flytja reynist tál? Þau yrðu
brennimerkt, sem erkisvikarar. All-

ur sá hópur er áður dæði þau, myndi
snúa baki við minningu þeirra og
fyrirlita allt sem þau hefðu sagt, ekki
einungis um þetta mál, heldur og um
alt annað. Er nú líklegt að þau
vildu eiga þetta á hættu, ef þau
teldu sig ekki hafa traustan grund-
völl að byggja á boðskap sinn?

I þriðja lagi má benda á þetta:
Mannkynskennarar hafa komið.
Meistarar eins og Buddha, Kristur
og Muhamed hafa allir vitjað mann-
kynsins og, að því er ýmsir fróðir
menn telja, á þeim tímum er þeirra
var mest þörfin. Hvaða opinber-
un höfum vér fengið um að slíkt
geti ekki komið fyrir enn? Mér vit-
anlega enga.

Eg held að menn getu tæplega
varið jólafríinu sínu betur en með
því að kynna sér rit og kenningar
félagsins "Stjarnan í austri". Því
fleiri "sem leggjast á sveifina með
þeim félagskap, því betri verður
heimurinn, því bjartara verður yfir
mannlífinu og því greiðari verður
brautin fyrir andlegu mikilmennin
er mannkynið eignast. Það er
mál til komið að við höfum að út-
hýsa meisturum og krossfesta þá.

Andrjes J. Straumland.

**Mannfræðingamótið
í Uppsölum.**

Eftir

Guðmund Hannesson prófessor.

Ísaf. hefir beðið mig að segja
nokkur tíðindi af fundi þessum. Af
því flestum er lítt kunnugt um
þessi fræði, læt eg litinn formála
fylgja.

Mannfræðin er tiltölulega ung og
lítt þroskuð vísindagrein, þótt und-
arlegt sé. Hún tekur yfir flest
mannlegt, en aðallega hefir hún feng-
ist við líkamleg einkenni manna,
starð allra líkamsparta og ytra gerfi,
o. fl. þvil. Er það vísindaleg
skylda fyrir hverja þjóð, að vita
deili á líku, því að þetta breytist
eins og annað, og hafa t. d. Norð-
landþjóðir stækkað stórum á síð-
ustu öld. I sambandi við þetta
stendur þroskun líkamans við vaxt-
inn. Eftir líkamlegum einkennum
skipta menn mönnum í kynflokk, en
allir þjóðir eru runnar saman yfir
fleiri kynflokkum, þó misjafnlega sé
mikið af hverjum. Góðar bækur um
skiptingu kynflokka o. fl. eru Gunt-
her: Kleine Rassenkunde Europas,
Uppsala 1925.

Annir þáttur mannfræðinnar er
um upplag manna og andlega eigin-
leika. Þeir eru eins breytilegir og
ytra gerfið, og varða ekki minnu.
Þeir fara og eftir kynflokkum
manna. Mikil vantar á, að þessi
þáttur sé svo rannsakaður sem
skyldi.

Þriðji þáttur mannfræðinnar er
um arfgengi, líkamlegra og andlegra
eiginleika. Er erfðfræðin orð-
in að flokkim vísindagreina. Þó er
hún líklega enn í barnæsku. Menn
hafa fundið, að bæði góðir og illir
eiginleikar erfast á lögbundinn hátt,
að möguleiki er fyrir hverja þjóð að
bæta kyn sitt og spilla því. Þannig
eru sumir sjúkdómur arfgengir, og
hugsanlegt að útrýma þeim með því,
að gera sjúkli, óhæfa til að auka
kyn sitt. Nú er öll heill og vel-
gengni þjóða aðallega undir því
komin, að kynið sé gott og heil-
brigt, og er því auðsett, að mann-
fræðin hefir mikið verkefni að leysa
af höndum. Svo miklu þýkir allt
þetta varða, að Svíar hafa sett á
stofn sérstaka ríkisstofnunar (Statens
rasbiologiska Institut) til þess að
vinna að mannfræðirannsóknunum
þar í landi, en Bandaríkin hafa
breytt innflytjendalögjói sinni, til
þess að komast hjá því, að allskonar
þjóðalýður flytjist inn í landið.

Norðurlönd hafa staðið mjög
framarlega í öllum þessum rann-
sóknunum, einkum Svíþjóð og Noreg-
ur, en hver fræðimaður hefir bauk-
að fyrir sig, og samræmi ekki verið
sem best í rannsóknunum, svo að ef-
rit er að bera saman niðurstöðu fræði
manna. Þá hefir það ekki bætt
til, að á Norðurlanda háskólunum er

mannfræði ekki kend eða mælinga-
aðferðir, svo að byrjendur hafa orð-
ið að kenna sér flest sjálfir. Of-
ar á þetta bætist, að málið vill verða
blendit, þegar farið er að skrifa á
Norðurlöndum, aðallega misjafn-
lega góðar þýðingar á þýzkum eða
frakkneskum heitum.

Til þess að bæta úr þessu sýndist
mér nauðsynlegt að stofnað væri til
fundar meðal helztu mannfræðinga
á Norðurlöndum, og skrifaði um
það próf. Hermann Lundborg í Upp-
sala, Halldan Bryn í Þrándheimi og
dr. Sören Hansen í Khöfn. Var
vel í þetta tekið, og leiddi það til
þess, að fundurinn komst á, en for-
göngu alla hafði prófessor H. Lund-
borg, og án hans fylgis hefði allt að
enu orðið.

Fundurinn stóð í 4 daga og söttu
hann menn frá Finnlandi: (próf.
Hildén, dr. Ringbom), Svíþjóð
(próf. Lundborg, próf. Furst, próf.
Ramström, próf. Gaston, Louis Back-
mann próf., Hagkvist, dr. Norden-
streng, sem margir Íslendingar
þekkja, o. fl.) Noregi (dr. Halldan
Bryn, dr. A. Mjølén) Danmörku (dr.
Naser) og Íslandi (G. H.).

Fundurinn setti próf. H. Lundborg
með snjallri ræðu. Gat hann þess,
að forfædur vorir hefðu gert mikinn
greinarmun manna, góðra kynstofna
og illra, en nú vildu menn gera alla
jafna, þó algerlega kæmi þetta í
hága við vísindi vorrar aldar. Þau
hefðu sýnt, að mestu varðaði sjálft
kynið og upplagið, en skólar, upp-
eldi og ytri lífskjör miklu minna, þá
minnst hann á, að þetta væri fyrsti
norræni mannfræðingafundurinn og
yrði vantanlega ekki á síðasti.
Heiði hann komist á fyrir hvatningu
frá Íslandi.

Voru síðan starfsmenn kosnir:
próf. Furst heiðursforseti, en fund-
arstjórnar Halldan Bryn og G. H.,
aðalritari próf. Lundborg og ritari
dr. Linders.

Próf. Furst flutti síðan ræðu um
starf norrænna mannfræðinga, en
hinn er frægastur þeirra, sem nú
eru á lífi. Bar hann síðan fram
tillögu um að stofna skyldi félag
norrænna mannfræðinga. Hún var
samþykkt og næsti fundur ákveðinn í
júlí 1927. Próf. Furst er nú gam-
all maður, en lítt sér það á, og er
hann enn glesimenni.

Þá flutti docent S. de Geer erindi
um útbreiðlu norræna kynsins. Vildi
hann ekki telja Dani norrænt kyn,
en aðrir mórgæltu því.
Um kvöldið var samkvæmi í stuð-
dentahúsi Uplendinga. Vin var
á borðum, en gætilega drökkist.
Sænskir stúdentar sungu af mikilli
snild.

Fundur hófst næsta dag með er-
indi um arfgengi kembs augnalits
(blendning af mól og bláum augum),
sem Halldan Bryn flutti. Hafði
hann fundið, að erfðir þessar voru
mjög margbrotnar og að bláeygðir
foreldrar geta átt börn með alldökk
kemba augu. Taldi hann orsök-
ina verið þá, að oft fælist dælitig af
brúnum lit í bláum augum, þó ekki
sæist. Þá flutti próf. G. Back-
mann erindi um almenn lög fyrir
vesti unglinga og taldi auðið af
reikna hæðina á öllum aldri ef meðal-
hæð fullorðinna væri þekt. Næsti
ræðumaður var dr. Nordenstreng.
Hann talaði um: Hæð er norrænt
kyn? hvað hann það ætíð hafa verið
blandað, t. d. ekki eingöngu ljóst á
hára og augnalit, heldur marga
dökkleita — svo langt sem sögur ná.
Færði ýms dæmi úr fornögum vor-

um. Þá flutti próf. Lund-
borg erindi um rannsóknir sínar á
Löppum í Norðurlöndum og sýndi
fjölda af þessum myndum af þjóðflokki
þessum.

Þriðja daginn flutti eg erindi um
norrænar mælingareglur og norræn
mannfræðisheiti. Sýndi eg fram á
að reglur þær, sem flestir hefðu
fylgt, væru gallaðar og hætta á að
stær mál yrðu misjafnlega mæld og
staðaði mikil hætta af slíku. Sýndi
eg tvö ný áhöld, sem eg hugði til
bóta. Þá taldi eg nauðsynlegt að
komið yrði á fót námskeiði fyrir
byrjendur hér á Norðurlöndum, þar
sem þeir getu lært að mæla og feng-
ið aðra nauðsynlega fræðslu. Lagði
eg til að 1) samdar yrðu norrænar
mælingareglur, 2) að námskeiði yrði
komið á fót við mannfræðisstofnun-
ina í Uppsölum, 3) að samin yrðu
mannfræðisheiti á öllum Norður-
landamálum í svo góðu samræmi sem
unt væri. Var þessu tekið vel og
tillögurnar samþykktar. Rak nú
hver fyrirlesturinn annan. — Dr.
Naser talaði um lýðmentun frá
sjónarmiði mannfræðinnar og lagði
hann til, að takmarkaður væri
aðgangur stúdenta á háskólana, sem
eru hvarvetna offyltir í mörgum
námsgreinum. Þá talaði dr. Ring-
bom um mannfræði og þjóðahel-
brigði sem þátt í almennri menningu.
Halldan Bryn um mannfræði Nor-
egs austantil, mjög fróðlegt erindi
og síðast dr. Schott um litmyndir af
mönnum. Sýndi hann fjölda ljós-
myndna með litum, og voru margar
svo glesilegar að allir undruðust.

Síðasti fundur var haldinn í
Stokkhólmi í háskólanum þar. —
Hófst hann með fyrirlestri (í hag-
stofu ríkisins) F. J. Linders um
reikninga á mannammælingum með
Hollerith vélum. Voru þessar vélar
og þóttu mikið furdaverk, en henta
best við störflegar rannsóknir,
og eru ærð dýrar. Næsta erindi

hélt eg um "mannfræði Íslendinga,"
og var því vel tekið. Síðast átti
próf. C. M. Furst að flytja erindi
um þein Birgis jarls, en úr því varð
ekki, því hann varð skyndilega að
fara heim til sín. Lauk svo fund-
inum, og má eflaust telja hann merk-
an viðburð í hópi norrænna mann-
fræðinga.

Eg hefi því einu við að bæta, að
viðtökur þær, sem eg og aðrir fengu
hjá Svíunum, voru hinar ágætustu
og auðlegustu. Eru þeir flestum
mönnum glesilegri í allri framkomu
og þó alþægilegir. Er mikil ástæða
fyrir Íslendinga, sem fara utan, að
heimsækja Svíþjóð, stærstu menn-
ingarþjóðina á Norðurlöndum, því
að margt má af henni læra.

Íslendingar geta ekki jafnast við
aðrar þjóðir í mörgum greinum, en
ef vér vildum, og hefðum hæfum
manni eða mönnum á að skipa, þá
getum vér rannsakað mannfræði
þessarar faennu þjóðar betur en
nokkrir aðrir. — Mátti þetta verða
oss bæði gagn og frami; en betur
má þá gera en eg hefi getað gert
með rannsókn minni. Allar sveit-
ir landsins þyrfti að rannsaka grand-
geflega og skrifa síðan bók um Ís-
lendinga sem væri sannfróð og fyrir-
mynd að öllu leyti. Vandalast
yrði þetta ekki og mikla fyrirhöfn
kostaði það; en hvað stæði oss nær
en að vita sem best deili á sjálfum
oss?

—Isafold

Hveitisamlagið.

Kornhlöðustefna samlagsins.

Talsvert er nú talað um ætun
og stefnu samlagsins, hvað því við-
vikur að það eignist sínar eigin korn-
hlöður.

Mr. A. J. McPhail, sem er hvort-
tveggja, forseti Saskatchewan sam-
lagsins, og forseti miðstjórnar sam-
laganna, skýrði nýlega frá hvaða af-
stöðu samlagið í Sask lítur á þetta
mál, og má óhætt segja, að afstaða
hinna tveggja samlaganna sé hin
sama. Yfirlýsing Mr. McPhail er á
þessa leið:—

"Saskatchewan samlagið hefir á
líðnu ári reynt að taka uppbyggjandi
stefnu í öllum deildum starfrækslunnar
— stefnu sem aðallega miðaði að,
að byggja upp eins traustan félags-
skap og unt væri; félagskap sem
bændurnir ættu og stjórnaðu, sem gæti
selt korn þeirra með þeirri aðferð
sem þeim hefir komið saman um að
sé arðvænlegust. Vér trúum að
þessi vegurinn til að ná þessu mark-
ið sé, samvirkusamlega að vinna að upp-
byggingu og tryggingu þessa félags-
skapar, á þann hátt að vér öðlumst
stóðning og traust, ekki einungis með-
limanna, heldur einnig þeirra sem
ekki hafa enn gerst meðlimir, og al-
þýðunnar.

"Vér erum mikið líklegri til að óðl-
ast þetta traust og halda það ef vér
ferumst stöðugt að markinu, með því
að annast hvert atriði starfsins ná-
kvæmlega, og láta heldur ergjandi að-
finslur, hvaðan sem þær koma, oss
minna skifta. Með hinum mikla
meðlimafjölda og feikna magni af
hveiti sem samlagið hefir umráð yfir,
getur þessi félagskapur átt við
stöðugar framfarir að búa, þrátt fyrir
í allar hindranir, ef meðlimirnir vilja
að eins hugsa til framtíðarinnar með
öbifanlegum ásetningi.

Vér neitum að finna að við eða
setja út á nokkurn félagskap eða
einstakling sem lítur óvingjarnlega til
samlagsins. Vér þurfum þess ekki.
Sérhver maður hefir rétt til þess að
hafa sína skoðun. Hlutverk vort
er að sanna slíkum félagskap eða
einstakling að samlagsstefnan sé heil-
brigð, og iðuðum" þessa lands fyrir
beztu.

Vér vonum að framfarirnar verði
stöðugar, og að vér öðlumst á meira
traust alþýðunnar. Vér getum það
bezt, með því móti að reka starf vort
þannig að vér eigum það traust skil-
ið. Skoðun vor er, eftir því sem
fjármagn vort eykst, verðum vér að
sjó fyrir þeim útbúnaði sem nauð-
synlegur er til að vér getum stjórnað
flutningi kornsins. Til að fullnægja
því markmiði æskjum vér ekki að
koma upp fleiri kornhlöðum en nauð-
synlegt er, og vér erum á þeirri skoð-
un að nógar kornhlöður séu nú í
Saskatchewan til að fullnægja þörf-
unum eins og þær nú eru. Þess
vegna kjósum vér heldur að semja
við núverandi kornhlöðueigendur um
kaup á eignum þeirra. Hvers vegna,
ættum vér ekki að gera það. Vér
höfum umráð yfir að minsta kosti
73% af hveitifræmleislu fylkisins.

Þetta átti ekki að skobast sem til-
raun til að þröngva eða kúga félaginn;
mikið frekar er það sönnum þess að
vér viljum gera það sem í voru valdi
stendur til að koma í veg fyrir ó-
þarfa eyðslu, og gera það fé ótrygt
sem liggur í þeim kornhlöðum sem
nú eru til.

SKEMTIFERDIR**FARBRÉF TIL SÖLU NÚ****AUSTUR-
CANADA**

Farbréf til sölu
DACLEGA til 5. JANÚAR
til afturkomu innan 3. mán.

**KYRRAHAFS-
STRÖND**

Farbréf til sölu
AKVEÐNA DAGA
DES., JAN., FEBR.
til afturkomu 15 apr. 1926

**ÆTT-
LANDIÐ**

Farbréf til sölu
DAGLEGA til 5. JAN.
til Atlanshafnar
til afturkomu innan 3. mán.

Sérstakir svefnvagnar til W. St. John

I sambandi við jólasíðinglar til ættlandsins
allar upplýsingar gefnar og aðstoð veitt af

Farbréfasýndu, Canadian Pacific Railway.

